

Íslendingar lestrarhestar

Íslendingar eru þá líklega bókaþjóð eftir allt saman. Þetta er niðurstaða bókaönnunar sem kynnt var í fyrradag en að henni stóðu Rithöfundasambandið, íslenskir bókaútgefendur og Hagvangur. Nefnist könnun þessi „Staða bókarinnar í minni málsamfélögum“ og fór fram á Íslandi, Færeyjum og Grænlandi.

Hér á landi var könnun þessi framkvæmd í apríl og maí sl. og var 400 manna úttak valið af Reiknistofu HÍ og voru allir heimsóttir af námsmönnum við Félagsvísindadeild sem lögðu fram spurningar sínar.

Kom í ljós að Íslendingar nota um 6

klst. á viku til bóklesturs á móti 9 1/2 klst. sem eytt er í sjónvarp. 17,2% áttu 500 bækur eða fleiri og 26,6% keyptu sínar bækur sjálfir. Um 50% úttaksins virðist lesa tvær bækur á mánuði og menn lesa mest milli þrítugs og fertugs.

3,7% játuðu að þeir læsu aldrei bók, en í Noregi játa um 12% slíkt á sig og utan Norðurlanda fer þessi prósentu upp í 40. Þeir sem voru að lesa bók þegar könnunin var gerð voru 53,6% en 41% í Danmörku. 48% manna lásu bækur á erlendum málum, aðallega skáldsögur. Loks kom í ljós að Íslendingar eyða 5,4 stundum á viku í blessuð dagblöðin.

- AI




BARTSKERINN

Laugavegi 128 v/Hlemm
Sími 23930

Vandlátir koma aftur og aftur

SÉRPANTANIR Í
PERMANENT.

HALLBERG GUÐMUNDSSON
ÞORSTEINN ÞORSTEINSSON



Þrjár kynslóðir leikmyndahönnuða á sýningunni að Kjarvalsstöðum.

SVIÐSMYNDIR

Það held ég að sé rétt athugað hjá vini mínum Jónasi Guðmundssyni í Tímanum um daginn, að umgjörð leikrita sé yfirleitt litill gaumur gefinn af þeim sem dæma um gæði þeirra og gildi í fjölmöldum. Í mesta lagi er leikmyndahönnuðum klappað á kollinn og verk þeirra nefnd góð, slæm eða „við hæfi“ án þess að nánar sé skýrt hvað átt er við. Það er því full ástæða fyrir leikmyndahönnuði að rísa upp og vekja rækilega athygli á starfa sínum, eins og þeir reyna að gera með sýningu þeirri sem sett var upp að Kjarvalsstöðum og tengd var sjónleiknum „Flugleik“. En leikmunir og leikmynd eru tæpast sjálfstæð verk, hversu ásjáleg sem þau eru, heldur eru þau nær algjörlega

háð leikritunum og dyntum leikstjóra.

Engu nær

Því er erfitt fyrir sýningargesti, þótt áhugasamir séu og velviljaðir, að fá botn í vandamál leikmyndahönnuða og úrlausnir, sæki þeir ekki leikhús að staðaldri. Sjálfur er ég í þeim hópi og verð að viðurkenna að þótt mér hafi líðið vel þessa dagstund sem ég ráfaði innan um leikmyndir, bünninga, leikmuni, grimur, frumdrætti og heilu leiktjóldin að Kjarvalsstöðum, þá er ég ekki hótinu nær um hönnun fyrir leiksvið. Kannski hefði hæstvirtur leikhúsgagnrýnandi DB

haft meira upp úr sýningunni. Hér hefði sem sagt þurft rækilegan undirbúning, greinargóða sýningar skrá og skipulega uppstillingu hlutanna til þess að Pétur og Páll gætu haft fullt gagn af og farið heim uppfullir af skilningi og ánægju. En hvers virði sem það nú er, þá vil ég samt geta þess að ég hafði unun af mörgu því sem þarna var að finna og þá kannski vegna þess að ég hafði séð leikritin.

Hvatning

Verk Baltasars fyrir Carmen og Goya leikritið eru sláandi og sýna að hann ætti að fást meir við þessa grein, lausn Birgis Engilberts á „Skipi“ hins færeyska skálds er stílreið og sterk og svo vil ég prisa bünninga Messíönu Tómasdóttur til skýjanna.


En geri þessi sýning ekki annað en hvetja menn til undirbúnings reglulega vandaðrar sýningar leikmyndahönnuða, þá er tilganginum náð. Sjá þeir ekki fram á neitt stórafmæli á næstunni?

Myndlist

AÐALSTEINN
INGÓLFSSON



Enn aukin þjónusta!



Eftirtalin eyðublöð bjóðast nú auglýsendum ókeypis hjá smáauglýsingaþjónustu Dagblaðsins:

1. Vegna bifreiðaviðskipta: Sölutilkynningar, tryggingarbréf og víxileyðublöð auk afsalseyðublaða og fjölritaðra leiðbeininga um frágang bifreiðaviðskipta, sem við höfum lengi boðið.
2. Vegna lausafjárkaupa: Kaupsamningar og víxileyðublöð
3. Vegna leigu íbúðarhúsnæðis: Húsaleigusamningar.

DAGBLADIÐ

Dagblaðið er smáauglýsingablaðið Afgreiðsla Þverholti 11, sími 27022